

Boccia

Boccia smiðjur verða starfræktar alla morgna Gróskudaga kl. 8:30 – 10:00. Starfið í smiðjunni felst í stuttari kynningu á reglum í Boccia og einnig sögu íþróttarinnar, stöðu hennar á Íslandi og á heimsvísu. Nemendur munu síðan æfa sig í að kasta kúlunum og að lokum verður þeim skipt upp í lið og haldin Boccia keppni í Gryfjunni. Hámarksfjöldi í hverja Boccia smiðju eru 16 nemendur.

Borðspil

Í þessari smiðju geta nemendur prófað að spila ýmis konar borðspil, kortaspil og partíspil. Á boðstólum verða margs konar spil, en nemendur mega einnig koma með spil sjálfir, til að spila sjálfir og/eða kenna öðrum. Meðal spila sem verða í boði eru: *Ticket to Ride*, *Carcassonne*, *Saboteur*, *Incan Gold*, *Fíaskó*, *Spurt að leikslökum* og margt fleira.

Efnafræðitilraunir

Nemendur byrja á því að fylgjast með spennandi tilraunum hjá stjórnendum smiðju. Að því loknu fá nemendur tækifæri að framkvæma efnafræðitilraun(ir) undir leiðsögn kennaranna. Smiðjurnar eru á dagskrá kl. 8:30-10 miðvikudag og fimmtudag. Sömu tilraunir verða gerðar í báðum smiðjum.

FAB-LAB

Þátttakendum gefst kostur á að búa til límmiða t.d. á fartölvurnar sínar. Velja þarf mynd eða teikningu, t.d. af netinu, eða skanna inn eigin teikningu. Breyta þarf pixlum í línur og ákveða stærð mynda og lit límmiða. Þá er einnig boðið upp á að framleiða litla hluti í plexygler.

Félagsvist

Í smiðjunni verður spiluð félagsvist á fjögurra manna borðum eftir ákveðnu kerfi. Ekki þarf að kunna að spila vist til að vera með. Spilaðar verða 12 umferðir.

Fjórþraut

Fjórþrautin fer fram í Sundhöllinni frá kl. 8.30 til 12 á fimmtudaginn 7. mars. Þriggja manna lið keppa í fjórum greinum: Púttkeppni, vippkeppni, stinger og boðhlaupi í þrautabraut. Reglur verða kynntar á staðnum. Átta þriggja manna lið geta keppt í einu.

Fréttablað og fjölmiðlar

Nemendum er leiðbeint við gerð dagblaðs ásamt öðru sem hægt er að vinna með í umbrotsforritinu (e.publisher). Í lok Gróskudaga verður blað, sem nemendur vinna að, gefið út. Í því verða m.a. viðtöl, blaðagreinar, spurning dagsins, auglýsingar o.fl. Nemendur taka einnig myndir af ýmsum viðburðum í skólanum og utan veggja hans á Gróskudögum. Heimsókn á BB er á dagskrá og stefnt er að samvinnu við nemanda í fjölmiðlafræði.

Hestamennska

Þátttakendur (5 í hverri smiðju) mæta í hesthús í Engidal. Farið verður yfir daglega umhirðu hesta, svo sem þrif, gjafir og þess háttar. Hestar verða kembdir og reiðtygi lögð á. Smiðjan getur verið tvískipt þannig að nemendur sem aldrei hafa komið nálægt hesti eða útreiðum fá rólega yfirferð með hestunum inn í gerði. Þeir sem treysta sér til fara í lengri reiðtúr. Þannig fá allir sem mest út úr sinni smiðju. Nemendur eru einnig velkomnir í smiðjuna með eigin hesta.

Hönnun og smíði

Nemendur sem velja þessa smiðju vinna saman í hópum alla Gróskudagana. Nemendur hanna og smíða vagn sem ætlað er að ferðast í hring með gefinn radíus. Vagninn á að láta renna niður ramp og sveigja í gegnum hlið. Á miðvikudegi fer fram hönnunarvinna, á fimmtudegi smíðavinna og á föstudegi kemur í ljós hverjum hefur tekist best til í keppni milli hópanna.

Járningar

Sýnikennsla á járningum fer fram í Efri-Engidal miðvikudag kl. 10.30 og fimmtudag kl. 10.30. Einhver þátttaka í einfaldari þáttum er þó nauðsynleg. Hestur verður járnaður og rætt um það sem hafa þarf í huga á hverju þrepi ferlisins. Hámarksfjöldi nemenda í smiðju er 5. Forgang hafa þeir nemendur sem eiga/halda hest(a). Nemendur koma sér sjálfir á staðinn í hestafötum/skítagalla.

Judo

Judo er ein af fjölmörgum bardagaíþróttum sem eru stundaðar. Nemendur fá stutta kynningu á gólfglímu, fastatökum og lásam. Í lokin verður sveitakeppni í Judo. Það er pláss fyrir 10-12 í þessari smiðju sem verður í boði í Íþróttahúsinu á Torfnesi, á miðvikudagmorgni kl. 8.30.

Kayak

Farið verður í c.a. klukkustundar róður á pollinum. Búnaðarleiga er á staðnum (það kostar 500 krónur að leigja bát og galla). Nemendur þurfa að hafa með sér hlýja flís- eða lopapeysu, ullarbol og húfu. Einnig er gott að taka með sér peysu til skiptana ef til þess kemur að fólk fari í sjóinn. Ferðir eru háðar veðri og leiðsögumaður áskilur sér rétt til að fella niður ferð vegna veðurs.

Knattleikir í Íþróttahúsi

Föstudaginn 8. mars kl. 8:30 - 12:30 verða knattleikjasmiðjur í Íþróttahúsi. Í fyrstu smiðjunni verður spilaður körfubolti, síðan handbolti og endað á knattspyrnu. Nemendur búa sjálfir til lið fyrirfram en þeir sem mæta án þess að vera í ákveðnu liði mynda saman lið á staðnum.

Ljóðaslamm

Finnst þér gaman að leika þér að orðum, tónlist, myndlist og/eða leiklist? Þá er LJÓÐASLAMM eitthvað fyrir þig! Ljóðaslamm felst í flutningi frumsamins ljóðs þar sem aðaláherslan er á flutning ljóðsins. Flutningnum þarf að fylgja gjörningur í formi sviðslistar þar sem flytjandinn/flytjendur fara með ljóðið samhliða tónlist, myndlist eða leiklist. Flytjendur hvers ljóðs geta verið fleiri en einn. Afraksturinn verður síðan tekin upp á myndband flytjendum til eignar og ánægju og hver veit hvað annað gæti beðið handan hornsins.

Matreiðsla

Í matreiðslusmiðjum sem haldnar verða á föstudagsmorgni, kynnast nemendur matargerð sem kennd er við „Creole“ og „Cajun“. Maturinn sem nemendur elda í smiðjunum verður síðan í boði á mötuneytisverði í hádeginu fyrir aðra nemendur skólans. Hámarksfjöldi nemenda í hverri matreiðslusmiðju er 20 nemendur.

MÍ-flugan

Nemendur sem stjórna þáttum á MÍ-flugunni fá þátttökuna metna sem smiðju.

Myndlist

Markmiðið er að koma upp listagangi, með t.d. blýantsteikningum og vatnslitammyndum. Þátttakendur útfæra vinnuna í smiðjunni í samráði við umsjónarmenn. Þátttakendur eru jafnframt hvattir til að koma með liti og efni í sinni eigu og nýta í smiðjunni.

Skák – víkingaskák

Í smiðjunni verður stutt kynning á víkingaskák, mannganginum og reglum. Síðan tefla nemendur og geta valið hvort þeir tefla hefðbundna skák eða víkingaskák. Eftt verður til víkingaskákmóts þar sem veitt verða þrenn verðlaun ásamt verðlaunapeningi, ef næg þátttaka fæst.

Slökun

Grunnatriði djúpönduar og slökunar verða kynnt og þátttakendur fá æfingu í góðri slökun. Nauðsynlegt er að þátttakendur hafi með sér þunnar dýnur (jógadýnur) og teppi í smiðjuna.

Stærðfræðiþrautir

Nemendur vinna einir eða í hópum að lausn á stærðfræðiþrautum úr stærðfræðikeppni framhaldsskólanna einnig verða verkefni fengin af netinu.

Svigskíði - Bretti

Farið verður á skíðasvæðið í Tungudal seinni part dags eftir að lyftur opna (kl.15.30). Nemendur koma sér sjálfir á skíðasvæðið og sjá sjálfir um að útvega sér búnað. Kennari verður á staðnum. Síðan verður skíðað og brettað eins lengi og þrek endist. Að sjálfsögðu í glampanði sólskini og fínu færi.

Tónlistarsmiðja

Starfið í tónlistarsmiðjunni felst í því að njóta góðrar tónlistar og lagasmíðum. Nemendur geta komið með sína eigin geisladiska með ýmsum hljómsveitum og samið kynningarefni um þær t.d. á veggspjöldum og með glærugerðarforritinu. Þá er einnig gert ráð fyrir að þeir fái tækifæri til að semja sína eigin tónlist og / eða æfa lög annarra til flutnings á sal. Þá er ekki loku fyrir það skotið að horft verði á tónlistarmyndbönd.

Varúlfur

Spennandi spil sem gengur út á það að þorpsbúar eiga að finna varúlfana áður en þeir drepa alla þorpsbúana. Á nóttunni gerist margt dularfullt en á daginn fara fram réttarhöld lygar, örvænting og dauðarefsingar.

Þjóðbúningar

Langar þig að sauma þjóðbúning veturinn 2013-2014 í MÍ? Í þessari smiðju verða kynnt 19. og 20. aldar upphlutir og peysuföt.

Þæfing

Þátttakendur í smiðjunni útbúa ýmsa smáhluti, að eigin vali, úr þæfðri ull. Meðal þess sem hægt er að gera er: Skraut á ljósaseríu, kragi, budda, flöskuhitari. Allt efni til þæfingar verður á staðnum. Hámarksfjöldi í smiðju er 10 nemendur.